



Reykjavík, 18. ágúst 2021

ÞON21070018

Til Borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi innleiðingu fjarfundarbúnaðar - R21050181.

Vísað er til bréfs, dagsett 21. maí 2021, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um upplýsingar hvað felist í allsherjar innleiðingu á fjarfundabúnaði.

Virðingafyllst,

Friðbjófur Bergmann
Skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu



Reykjavík, 18. ágúst 2021
PON21070018

Svar

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi innleiðingu fjarfundarbúnaðar - R21050181

Á fundi borgarráðs þann 20. maí 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 56 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar að vita hvað felst í þessari „alsherjar innleiðingu á fjarfundabúnaði“. Einnig óskar borgarfulltrúi eftir upplýsingum um hvað verður um þann fjarfundabúnað sem Sviðið PON og áður Skrifstofa þjónustu og reksturs, hefur verið að fjárfesta í undanfarin ár og fram hefur komið að sé til í stjórnsýsluhúsum borgarinnar. Er meiningin að kaupa nýjan fjarfundabúnað til viðbótar við þann sem fyrir er eða verður þeim búnaði skipt út öllum?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 21. maí 2021.

Svar:

Hvað er fólgið í „alsherjarinnleiðingu á fjarfundabúnaði“?

Í alsherjar innleiðingu á fjarfundabúnaði felst:

- að öllu viðeigandi starfsfólki borgarinnar verði tryggt almennt aðgengi að fjarfundatækni á starfsstöðum borgarinnar, sem telja hundruði og dreifast um öll hverfi hennar.
- að geta borgarinnar til að halda örugga lokaða fjarfundi sé tryggð með öruggri auðkenningu eins og rafrænum skilríkjum.
- að íbúum og öðrum ytri hagaðilum almennt, verði auðveldað aðgengi að útsendum fjarfundum borgarinnar (e. broadcast) og að afkastageta og dreifileiðir til útsendinga séu öruggar.
- að útbúnað verði greinagóðir leiðarvísar um notkun fjarfundatækni hjá borginni.
- að stuðlað verði að aukinni hagnýtingu fjarfundatækninnar til að draga úr ferðum starfsmanna, hagaðila og íbúa til og frá starfsstöðum borgarinnar.

Verkefninu er ætlað að byggja upp þessa þjónustu innan borgarinnar með það að markmiði að fjarfundir og vefútsendingar verði auðveldur, aðgengilegur, öruggur og ákjósanlegur valkostur hjá Reykjavíkurborg. Hér er því ekki einungis um innkaup á tækjum að ræða.



Hvað verður um eldri fjarfundabúnað sem fjárfest hefur verið í undanfarin ár?

Eldri búnaður verður notaður áfram sé það metið hagkvæmt með tilliti til viðhaldskostnaðar og framlengingar á ábyrgðarsamningum sem og leyfa- og tengigjalda. Í einhverjum tilvikum getur verið að búnaður sé úreltur eða ekki samhæfanlegur þeim öryggisviðmiðum eða samskiptareglum sem ákveðið hefur verið að styðjast við. Ekkert af þeim fjarfundabúnaði sem keyptur hefur verið frá því að innleiðing þeirra kerfa sem nú eru í rekstri hófst sem var á árinu 2016 hefur verið úreltur eða tekinn úr rekstri.

Er ætlunin að kaupa nýjan búnað til viðbótar eða verður öllum eldri búnaði skipt út?

Ætlunin er að kaupa nýjan búnað til viðbótar, bæði miðlægar stýringar og endabúnað. Þá mun það felast í verkefninu að samþætta auðkenningaþjónustur, tryggja betur öryggi samskipta og útbúa bætta aðstöðu til fjarfunda á starfsstöðum borgarinnar og leiðarvísa og myndbönd um notkun og notkunarmöguleika fjarfundakerfisins.

Virðingafyllst,

Friðbjófur Bergmann,
Skrifstofustjóri Upplýsingatækniþjónustu